

# Diplóma í opinberri stjórnýslu fyrir stjórnendur í opinberum rekstri

*Executive Diploma in Public Administration*

Stjórnmálafræðideild

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
2009 – 2010

[www.stjornmal.hi.is](http://www.stjornmal.hi.is)

Aðstandendur og samráðsaðilar stjórnmálafræðideildar HÍ um námið eru fjármálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Samráðs og samstarfs verður enn fremur leitað við norrænar og breskar stjórnýsludeildir og stjórnýsluskóla.

Forysta um skilvirkni,  
vandaðri vinnubrögð  
og betri þjónustu hins opinbera



## Nýr valkostur fyrir núverandi og verðandi stjórnendur í opinberum rekstri

Aðstæður í íslensku samfélagi hafa aukið kröfur til ríkis og sveitarfélaga um skilvirkni, bættu þjónustu með lægri tilkostnaði og vandaða málsmeðferð. Þetta gerir auknar kröfur til allra þeirra er þar starfa ekki síst stjórnenda.

Áhugi hefur verið á að auka möguleika núverandi og verðandi stjórnenda á fræðslu um stjórnun sem taki fullt tillit til starfsumhverfis stjórnenda í opinberum rekstri.

Fjármálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og stjórn málafræðideild Háskóla Íslands hafa með sérstökum samstarfs-samningi, tekið höndum saman um þróun slíks náms innan Háskóla Íslands. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ mun annast framkvæmd samstarfs-samningsins.

Námið verður hluti af meistaranámsframboði stjórn málafræðideildar, lýtur þeim inntökuskilyrðum og námskröfum sem þar eru gerðar og endar með Diplóma skírteini. Kjósi nemendur að halda áfram námi og ljúka meistaraþráðu MPA, fá þeir diplómanámið að fullu metið.

Væntanlegir nemendur greiða skráningargjald HÍ, sem fyrir veturinn 2009-2010 er kr. 45.000.-, auk bóka-kostnaðar. Sækja má um styrki til starfsmenntasjóða fyrir þeim kostnaði að hluta eða öllu leyti, eftir því sem reglur segja til um.

Það er von okkar sem að þessu námi stöndum, að þetta skref verði bæði stjórnendum hins opinbera og þeim er njóta þjónustu þeirra til heilla.

*Gunnar Helgi Kristinsson deildarforseti stjórn málafræðideildar Háskóla Íslands*

*Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga*

*Magnús Guðmundsson formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana*

*Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála*

*Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra*

# Diplóma í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í opinberum rekstri

## *Executive Diploma in Public Administration*

### Markhópur

Námið er ætlað stjórnendum hjá ríki eða sveitarfélögum, sem hafa mannaforráð og/eða umtalsverða rekstrarábyrgð. Námsleiðin er þó opin öðrum sem vilja búa sig undir þennan starfsvettvang.

### Markmið námsins

Að búa stjórnendur undir þá ábyrgð sem felst í stjórnunarstörfum hjá hinu opinbera: Þeir öðlist skilning og þekkingu á sérkennum og eðli opinberrar starfsemi og þeim lagaramma sem um hana gildir, bæði innlendri löggjöf og EES rétti. Þeir öðlist þekkingu á kenningalegum bakgrunni og hagnýtri notkun helstu stjórnunaraðferða sem notaðar eru hjá hinu opinbera. Um er að ræða bæði almennar stjórnunaraðferðir, aðferðir mannauðsstjórnunar, fjárreiðustjórnunar, forystu- og breytingastjórnunar. Enn fremur að þeir kynnist því sem efst er á baugi varðandi stjórnsýsluumbætur hjá íslenska ríkinu og á sveitastjórnarstigi, svo og alþjóðlegum straumum og stefnum í stjórnun opinberrar starfsemi.

### Fjölbreyttur og reynslumikill hópur nemenda

Í diplóma-náminu munt þú kynnst fólki með ólíka menntun og starfsreynslu sem á það sameiginlegt að vilja efla fræðilega og hagnýta þekkingu sína á sviði stjórnunar innan hins opinbera eða á sviðum sem því tengjast. Nemendur hafa starfað á öllum sviðum hins opinbera, ráðuneytum, stofnunum og sveitarfélögum. Þeir koma úr félags- og stjórnmalastarfi, auk þess að koma beint úr BA-námi. Í hópastarfi og þátttöku í kennslustundum miðla nemendur reynslu sinni og tengja við umfjöllun námskeiða. Nemendahópurinn og fjölbreytileg reynsla hans gefur því náminu veru-

### Umfang, fjarnám og tímasetningar

Um er að ræða 30 eininga nám á meistarastigi eða sem svarar fullu misserislöngu námi, en námið er tekið á heilu ári samhliða starfi. Hægt er að hefja námið hvort sem er um áramót eða á haustin. Tvö námskeið eru tekin á hvoru misseri, alls fjögur námskeið og má taka þau öll sem fjarnámskeið. Eitt námskeið, Akadémía fyrir framtíðarstjórnendur hjá íslenska ríkinu, er haldið í lok maí/júní ár hvert og þar koma saman bæði þeir sem hefja nám á haustin og um áramót á þeim vetri. Hugsanlegt er að hluti þess námskeiðs verði yfir veturinn einnig.



### Öflugir kennarar

Kennarar, sem koma úr röðum fastra kennara í stjórn málafræði og öðrum greinum Háskólan Íslands, eru fræðimenn sem stundað hafa til margra ára grundvallarrannsóknir á sviði opinberrar stjórnsýslu og opinberrar stjórnunar. Hafa þeir allir lokið prófum frá virtum erlendum háskólum. Þeir eru álitsgjafar stjórnvalda og fjölmiðla. Til að leggja áherslu á hinn hagnýta þátt námsins starfar við meistaránámið stór hópur stundakennara. Þeir hafa allir mikla reynslu og þekkingu á þeim sérsviðum sem þeir kenna.

Meistaránámið í opinberri stjórnsýslu styrkti á sínum tíma stóðir starfa minna og jók mér öryggi í daglegri stjórnun og meðhöndlun erinda í anda góðra stjórnsýsluhátta. Í núverandi starfi sem stjórnandi opinberrar stofnunar hef ég ekki síður notið góðs af náminu í daglegum störfum sem og í stefnumótunarvinnu til framtíðar. Námið veitti mér ómetanlega innsýn í forsendur stjórnunarstarfa, ekki síst á sviði breytingastjórnunar. Ég mæli með náminu fyrir þá sem sækjast eftir aukinni ábyrgð í störfum sínum og vilja opna dyr að nýjum möguleikum á starfsframa.

*Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri, MPA 2007*



# Opnir fyrirlestrar, nám og rannsóknir í tengslum við samfélagið og umheiminn



Það er margt að gerast á stjórnmalasviðinu þessa dagana, í íslensku samfélagi og á erlendum vettvangi. Þetta eru athyglisverðir tímar og framhaldsnám stjórnmalafraeðideildar býður upp á mikla möguleika. Deildin leggur ríka áherslu á samstarf við aðrar deildir Háskóla Íslands, innlendar stofnanir, samtök og fyrirtæki svo og erlenda fræðimenn og háskóla. Þetta samstarf birtist m.a. í grósku í starfi fjögurra stofnana sem stjórnmalafraeðideild rekur eða á aðild að: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmalá, Félagsvísindastofnun, Alþjóðamálstofnun og Rannsóknasetur um smáríki. Stofnanirnar skipuleggja fjölda opinna viðburða sem nemendur eru hvattir til að sækja samhliða náminu. Boðið er upp á fyrirlestra, málstofur og umræðufundi um alþjóðamál, Evrópumál, íslensk stjórnmal, opinbera stjórnsýslu og stefnumótun, jafnréttis- og kynjafraeði og þjóðmál líðandi stundar.

**Fastir kennarar námsins eru leiðandi í rannsóknum á sínum sviðum. Tvö stór rannsóknarverkefni eru góð dæmi:**

## Lýðræðiskerfi sveitarfélaga, félagsauður og félagsvirkni

Rannsóknar- og þróunarverkefni 2008-2010 í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, m.a. með styrkjum frá Rannís, HÍ, Orkusjóði OR og Landsbankanum: Hvernig má þróa og ná sátt um aðferðafræði íbúabátttöku við lausn deilumála, sem stuðlað getur að samstöðu og um leið styrkir félagsauð sveitarfélaga? Í rannsókninni, sem mun ná til 22 stærstu sveitarfélaga landsins þar sem 89%

landsmanna búa, verður í fyrsta skipti tekin saman reynsla íslenskra sveitarfélaga af íbúalýðræði bæði almennt, en einkum á sviði umhverfis- og skipulagsmála. Lærdómar verða dregnir af reynslunni sem geta stuðlað að markvissari aðferðafræði sveitarfélaganna við samráð við íbúana í framtíðinni, bæði á þessum sviðum og öðrum. Á árinu 2009 bættust við rannsóknarþættir um sjálfbodastarf, þátttöku í kirkjulegu starfi og óformlega félagsvirkni. Verkefninu var hrundið af stað í tilefni af fimm ára starfsafmæli Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmalá við Háskóla Íslands. Stjórnandi rannsóknarinnar er Gunnar Helgi Kristinsson prófessor við stjórnmalafraeðideild.

## Stjórnun og starfsumhverfi ríkisstofnana

Frá miðju ári 2006 hefur Ómar H. Kristmundsson dósent stjórnað viðamiklu rannsóknarverkefni á stjórnun og starfsumhverfi ríkisstofnana. Um er að ræða samvinnuverkefni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmalá við Háskóla Íslands, fjármálaráðuneytis og ParX, viðskiptaráðgjafar IBM. Rannsóknin beinist að stjórnun ríkisstofnana, þar á meðal mannaúds- og fjármálastjórnun, launaákvörðunum og samskiptum stofnana við ráðuneyti. Einnig nær rannsóknin til upplýsingamiðlunar innan stofnana, vinnubragða, samskipta og starfsánægju og þjónustu stofnana. Alls tóku 144 stofnanir þátt í rannsókninni og 10 þúsund ríkisstarfsmenn. Ómar H. Kristmundsson stýrði sambærilegu rannsóknarverkefni 1998. Rannsóknin og niðurstöður hennar eru nú til umfjöllunar og eftirfylgni í ráðuneytinu og stofnunum, auk þess sem þær hafa verið kynntar á fjölmönnum opnum fundum.

# Diplómanámið greiðir þér leið...

...og styrkir þig í starfi á fjölbreyttum og lifandi starfsvettvangi hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga

Í náminu öðlast þú hæfni á eftirfarandi lykilsviðum opinbers rekstrar

## Greining

Opinber stefnumörkun er eitt af mikilvægustu viðfangsefnum hins opinbera. Nemendur fræðast um þær ólíku aðferðir sem notaðar eru til opinberrar stefnumörkunar og um sérstöðu hins opinbera hvað þetta varðar. Lögd er áhersla á að kynna fyrir nemendum þau skipulagsform sem eru útbreidd í opinbera geiranum, hvers vegna þau eru valin, og af hverju þau eru iðulega frábrugðin þeim sem finna má í einkarekinni starfsemi.

## Stjórnun

Nemendur kynnast því sem efst er á baugi hér á landi sem og alþjóðlega í stjórnun og umbótum hins opinbera. Þeir eiga þess kost að tileinka sér viðurkenndar stjórnunar aðferðir m.a. á sviði mannauðsstjórnunar, stefnumiðaðrar stjórnunar og gerðar árangursmælikvarða og fjármálastjórnunar. Auk þess fá þeir einstaklingsmiðaða leiðsögn og hæfnismat.

## Forysta og breytingastjórnun

Opinber starfsemi er í stöðugri endurskoðun og framþróun. Stjórnendur hins opinbera verða að geta leitt þá þróun og aflað henni fylgis. Nemendur eiga þess kost að tileinka sér þekkingu og færni til að taka forystu og leiða árangursríkar breytingar.

## Lög og reglur

Sá eðlismunur sem er á stjórnun opinberrar starfsemi og einkafyrirtækja felst ma. í laga- og regluumhverfi hins opinbera. Mikilvægur þáttur í náminu er því að öðlast þekkingu á sviði stjórnásluréttar. Nemendur læra ma. um þær reglur sem gilda um meðferð stjórnáslumála hjá stjórnvöldum og aðgang almennings að upplýsingum. Einnig um lykillöggjöf varðandi starfsmannamál hins opinbera.



Námsleiðin er sértækari í vali en almenna diplómanámið í opinberri stjórnsýslu og eru námskeið fimm talsins. Fimm þeirra eru skylda og tvö má velja úr þremur námskeiðum. Skylda eru námskeiðin Opinber stjórnsýsla, Stjórnsýsluréttur fyrir stjórnendur og starfsmenn opinberra starfsmanna og Akadémía fyrir framtíðarstjórnendur opinberrar starfsemi. Í bundnu vali eru tekin tvö námskeið og valið á milli námskeiðanna Skipulag og stjórnun stofnana, Mannauðsstjórnun ríkis og sveitarfélaga, Starfsumhverfi og stjórnun sveitarfélaga, Forysta og breytingastjórnun í opinberum rekstri, og Fjármálastjórnun í opinberum rekstri. Í námskeiðinu um mannauðsstjórnun verður sérstakur þáttur skipulagður af starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Kjósi nemendur að halda áfram í MPA nám, eru öll námskeiðin að fullu metin þar inn.

## Skyldunámskeið

**OSS031F Opinber stjórnsýsla (6e) Haust** **Skylda**

**Kennari: Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor**

Í námskeiðinu er farið yfir grundvallarhugtök stjórnsýslufræðinnar, kynntar kenningar um skipulagsheildir og lýst þróun stjórnsýslufræðinnar sem fræðigreinar. Fjallað er um megineinkenni opinberrar stjórnsýslu á Íslandi, þar á meðal mótunarfætti hennar og grundvallaruppbyggingu. Áhersla er lögð á að skýra í hvaða skilningi opinber stjórnsýsla er pólitískt eðlis og hvaða afleiðingar það hefur fyrir starfshætti hennar og uppbyggingu.



## OSS033F Stjórnsýsluréttur fyrir stjórnendur og starfsmenn opinberra stofnana (6e) Vor **Skylda**

Kennari: Trausti Fannar Valsson, lektor

Fjallað verður m.a. um uppbyggingu stjórnsýslukerfisins, þar á meðal stöðu sveitastjórna í stjórnsýslukerfinu, þær reglur sem gilda um meðferð stjórnsýslumála hjá stjórnvöldum, bæði ríkis og sveitarfélaga, um rétt almennings til aðgangs að upplýsingum hjá stjórnvöldum, þagnarskylda starfsmanna stjórnsýslunnar, um rafræna stjórnsýslu, svo og um þá grundvallarreglu að stjórnsýslan er lögbundin. Fjallað verður um lögmatísregluna og heimild stjórnvalda til töku þjónustugjalda. Þá verður fjallað um þær leiðir sem færar eru fyrir aðila til þess að fá stjórnvaldsákvörðun endurskoðaða. Námskeiðið er einkum ætlað þeim, sem koma til með að vinna hjá ríki eða sveitarfélögum, eða þurfa að hafa í starfi sínu samskipti við stjórnvöld.

## OSS305F Akadémía fyrir framtíðarstjórnendur opinberrar starfsemi (6e) Sumar **Skylda**

Umsjón af hálfu stjórnmaláfræðideildar:

Margrét S. Björnsdóttir, stundakennari og forstöðumaður og Ómar H. Kristmundsson dósent

Í maí-júní ár hvert er skipulagt sérstakt vikulangt námskeið sem aðeins nemendur diplómanáms fyrir stjórnendur í opinberum rekstri taka. Þar eru viðfangsefni valin sem á hverjum tíma eru ofarlega á baugi bæði innanlands og erlendis og eru ekki hluti af öðrum skyldunámskeiðum. Verða þau valin m.a. í samræði við samstarfsaðila um námið. Námsmat er í formi verkefna. Erlendir fræðimenn munu flytja fyrirlestra á námskeiðinu, en auk þess verður meðal efnispátta: Áherslur íslenska ríkisins varðandi stjórnunar umbætur og stjórnþæki hins opinbera og fjallað um rannsóknir á árangri viðkomandi aðferða. Góðar fyrirmyndir – Forstöðumenn ríkisstofnana og sveitarfélaga sem náð hafa góðum árangri á tilteknum sviðum kynni og ræði við nemendur um aðferðir sínar; hvað beri að varast – hvað skili árangri. Forysta og breytingastjórnun. Markþjálfun hvers og eins þátttakenda, sem fær persónulegt próf eða hæfnismat (aðlagð 360 gráðu stjórnunarmat) og leiðsögn um þætti sem ábótavant kann að vera, en geta ráðið úrslitum varðandi velgengni í stjórnendastörfum.

# Valnámskeið í diplómanámi

## Velja skal a.m.k. tvö af eftirfarandi fimm námskeiðum

### OSS018F Forysta og breytingastjórnun í opinberum rekstri – hlutverk stjórnenda (6e) Vor **Val**

Kennari: Margrét S. Björnsdóttir, stundakennari og forstöðumaður

Að taka forystu fyrir breytingum er í vaxandi mæli þáttur í störfum stjórnenda hins opinbera. Umhverfi og innra starf opinberra stofnana hefur breyst umtalsvert á undanförunum tíu til fimmtán árum og þar með hlutverk þeirra er þar stjórnara. Breytingar á verkefnum, auknar kröfur um árangur, hagkvæmni, upptaka nýrra stjórnunaraðferða, bætt tengsl við borgarana og aukin áhrif þeirra á starfsemi hins opinbera og fleira gera nýjar kröfur til starfshátta stjórnenda í opinberum stofnunum. Þeir verða í vaxandi mæli að vera í forystu breytinga innan stofnana, talsmenn gagnvart fjölmiðlum og hagsmunahópum. Þessi krafa nær til æðstu stjórnenda, og að miklu leyti til millistjórnenda. Þessu námskeiði er ætlað að búa nemendur í opinberri stjórnsýslu undir þennan þátt í þeirra framtíðarstörfum, ásamt því að fjalla um leiðir til þess að komast í forystustörf innan stofnana, halda þeim og takast á við átök sem oftast fylgja forystuhlutverki. Nemendur sem hyggja á önnur störf en hjá opinberum aðilum geta einnig haft gagn af þessu námskeiði, þótt aðstæður þar séu aðrar.

Árið 2006 útskrifaðist ég með diplómapróf í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands. Námið stundaði ég samhliða starfi mínu sem sveitarstjóri í Húnaþingi vestra. Skipulagning og tilhögun námsins gerði mér kleift að ná þessum áfanga. Þar vó þyngst að hægt var að stunda námið með fjarnámssniði og skipti það sköpum í mínu tilvik. Fjölmargin í náminu tengist með beinum hætti starfsumhverfi og stjórnun sveitarfélaga og því var námið mér til mikils gagns og hvatningar í störfum mínum. Auk þess veitti námið mér víðari skilning á fjölmörgum aðferðum og nýngum sem beitt er í opinberri stjórnun. Námið stóðst þær væntingar sem ég hafði gert og því get ég hiklaust mælt með því við hvern sem er. Ég var raunar svo ánægður að ég ákvað að halda áfram í MPA nám og sé ekki eftir því.



Skúli Þórðarson, diplóma í opinberri stjórnsýslu 2006, núv. MPA-nemi og sveitarstjóri Húnaþings vestra.

# Valnámskeið frh.

## OSS004F Starfsumhverfi og stjórnun sveitarfélaga (6e) Vor Val

Kennarar: Róbert Ragnarsson, stundakennari og Trausti Fannar Valsson, lektor

Sveitarfélögin mynda annan meginstofn íslenskrar stjórnsýslu. Markmið námskeiðsins er að nemendur geri sér grein fyrir starfsumhverfi þeirra og fái innsýn í stjórnun og vinnuferla á þessu mikilvæga stjórnsýslustigi. Í námskeiðinu verður gefið yfirlit yfir stjórnskipulega stöðu og hlutverk sveitarfélaga, lagareglur sem lúta að störfum sveitarstjórna og helstu verkefnum sveitarfélaganna. Fjallað verður um kosti þess að skipta ríkjum í sveitarfélög, með hliðsjón af kenningum um lýðræði, hagkvæmni og valddreifingu. Farið verður yfir hvað felst í hlutverki sveitarfélaga annars vegar sem lýðræðislegra stjórnvalda og hins vegar sem þjónustuveitenda. Stuttlega verður einnig vikið að samskiptum ríkis og sveitarfélaga, þ. á m. að verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaga.

## OSS202F Skipulag og stjórnun stofnana (6e) Vor Val

Kennarar: Ómar Hlynur Kristmundsson, dósent og Steinunn Hrafnadóttir, dósent

Fjallað er um helstu kenningar um skipulagsheildi (organizational theory) og atferli innan skipulagsheilda (organizational behavior). Áhersla er á skipulag og stjórnun opinberra stofnana og fyrirtækja. Markmið áfangans er að veita nemendum innsýn í fræðilega umfjöllun um viðfangsefnið ásamt hagnýtingu tiltekinnar stjórnunaraðferða.

## OSS019F Fjármálastjórnun í opinberum rekstri (6e) Vor Val

Kennari: Bolli Héðinsson, stundakennari

Í námskeiðinu er farið yfir þá þætti fjármálafræðinnar sem helst tengjast opinberum rekstri. Þar má nefna þróun fjárlagagerðar, áhrif mismunandi skattlagningar og fjárhagsleg áhrif ýmissa umbótaverkefna í ríkisrekstri. Einnig verður fjallað um gerð rekstraráætlana, mismunandi uppgjörsaðferðir opinberra aðila auk þátta úr tölfraði sem tengast greiningu upplýsinga úr rekstri, mati á fjárfestingarvalkostum o.fl.



## OSS007F Mannauðsstjórnun ríkis og sveitarfélaga (6e) Haust Val

Umsjónarkennari: Ómar Hlynur Kristmundsson, dósent  
Kennarar: Arndís Ósk Jónsdóttir, Ásmundur Helgason og Kristján Sturluson, stundakennarar

Fjallað er um mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera. Nemendur öðlast grunnþekkingu á þróun starfsmannamála hjá hinu opinbera á Vesturlöndum og á helstu starfsmanna- og embættismannakerfum. Farið er yfir lög og reglur sem gilda um réttarsamband opinberra starfsmanna við vinnuveitendur, samskipti á vinnumarkaði og uppbyggingu launakerfis opinberra starfsmanna. Rætt er um helstu tæki og tól við mannauðsstjórnun svo sem mannauðskerfi, notkun starfs- og árangursmats, starfsmannasamtöl og mótun og eftirfylgni með starfsmannastefnum.

### Rannsókn á viðhorfum útskrifaðra til námsins:

Rósa G. Bergþórsdóttir deildarstjóri hjúkrunarfræðideildar HÍ, nýútskrifaður stjórnsýslufræðingur MPA, valdi veturinn 2008-09 í að vinna rannsókn á reynslu útskrifaðra nema í opinberri stjórnsýslu af náminu. Niðurstöðurnar voru afar jákvæðar og segir þar m.a.: „Á heildina litið benda niðurstöður verkefnamatsins til þess að meistaranám í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands nái vel markmiðum sínum. Námið uppfyllir þarfir og væntingar nemenda og nýtist þeim vel í starfi.“



Í formála kemur fram afstaða Rósu sjálf: „Námið hefur verið einkar gefandi og ánægjulegt. Einnig finn ég hvernig það hefur eflt mig í starfi. Óeigingjarnt framlag kennara, hópverkefni og önnur samskipti við samnemendur eru allt þættir sem gefa náminu einstakt gildi.“

# Stjórnmálafræðideild

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ



HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Upplýsingar:

Umsóknarfrestur um diplómanámið er til 5. júní eða 5. janúar. Umsóknareyðublöð ásamt upplýsingum um nauðsynleg fylgigögn má nálgast á heimasíðu stjórnmálafræðideildar, [www.stjornmal.hi.is](http://www.stjornmal.hi.is) eða á skrifstofu deildarinnar í Gimli.

Kostnaður: Árlegt innritunargjald Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar um námið veita:  
Elva Ellertsdóttir, deildarstjóri s. 525 4573,  
netfang: [elva@hi.is](mailto:elva@hi.is)

Margrét S. Björnsdóttir, forstöðumaður s. 525 4254,  
netfang: [msb@hi.is](mailto:msb@hi.is)

Skrifstofa stjórnmálafræðideildar er til húsa í Gimli, gengið í gegnum Odda við Sturlugötu s. 525 4502.  
Opnunartími: mánud. – föstud. 10:00-12:30 og 13:00-15:30.

Kennsluskrá með nánari upplýsingum er að finna á heimasíðu stjórnmálafræðideildar: [www.stjornmal.hi.is](http://www.stjornmal.hi.is)

Útgáfa: 2009–2010